

125 að honum að vinna, hvað viðgerðin muni kosta, hve langan tíma muni þurfa til hennar og hvar byrja eigi, hvort að norðan eða sunnan, eða víðar í einu. Vill landshöfðingi fá skoðunargjörð þessa fyrir næsta alþingi, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs, og biður að láta sig vita, hvort kostur muni á góðum vegagjörðarstjórum nyrðra, hvað kaupþýrir þeir muni verða og hve marga verkamenn hver þeirra muni geta útvegad. Hann kveðst raunar óska, að byrjad yrði á vegabót þessari á sumri komanda, en óttast að lítið verði um fje til þess, með því að megnið af vegabótafjenu í fjárlögnum fyrir 1876—77 muni ganga til vegabóta þeirra, sem byrjadar eru í vesturumdæminu (á Holtavörðuheidi) og í suðurumdæminu (á Hellisheidi og yfir Svínahraun). Verði því að halda henni fram með því meira fylgi sumarið 1878, að fenginni nýrri fjárveitingu næsta alþingis.

Í annan stað býður landshöfðingi amtmanni eptir tillögum amtsráðsins að láta skoða eldgos-skemmdirnar á veginum yfir Mývatnsöræfi, gjöra áætlun um, hvað kosta mundi að leggja færan veg yfir hið nýja hraun eða þá meðfram því; senda sjer síðan bæði skoðunargjörðina og áætlunina með ummælum sínum og amtsráðsins.

Að endingu getur landshöfðingi um fjallvega-anglýsingu sína, sem nú er prentuð hjer að framan (nr. 117, bls. 105—106).

126 — *Ágrip af bríefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabót á Kaldadal.* — Landshöfðingi kveðst hafa af ráðið, að láta byrja á sumri komanda á viðgerð á veginum yfir Kaldadal og Grimstungnaheidi; — sem öll amtsráðin hafi verið samdóma um, að einna mest lægi á —, að svo miklu sem til verði fje til þess, og skuli svo eptirleidis, er fengin sje ný fjárveiting alþingis, þeirri vegabót haldið áfram með svo miklu fylgi, sem auðið verði. Leggur hann því fyrir amtmann, að láta skoða suðurkafla þessa vegar, sem sje Kaldadalveginn, norður að Kalmanstungu, og gjöra áætlun um, hve langur tími muni ganga til að fullgera veginn, og hvað það mundi kosta; svo skuli skoðunarmennirnir og segja til, hvornig bezt sje að haga vegagjörðinni. Skoðunargjörðina og áætlunina vill hann fá innan loka júnímán. 1877, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs.

(Vísad á fjallvega-anglýsinguna, nr. 117 hjer að framan).

127 — *Bríef landshöfðingja til póstmestarans um póstsendingar, er póstskipið hefir eigi komið við með á millistöðvunum.* — Jeg hefi skrifazt á við yfirstjórn hinna dönsku póst- og telegrafmála út af þóknanlegri skýrslu herra póstmestarans frá 30. júní þ. á. um póstsendingu, er kom hingað með sjöundu ferð póstgufuskipsins «Díönu» 1875, en póststofan hjer áleit sjer ekki heimilt að opna, af því að hún var send frá Kaupmannahöfn í innsiglaðum poka með utanáskript til Vestmannaeyja, en reyndi að koma henni til Vestmannaeyja með póstskipinu á heimleið þess; og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmestari, til leiðbeiningar og eptirbreytni það, er nú skal greina.

Þegar póstsending frá dönsku pósthúsi til íslenzkrar hafnar, er póstskipið á að koma við á, ekki hefir orðið afhent á höfn þessari, heldur er flutt hingað, verður að opna hana og fara með hinar einstöku sendingar, sem í henni eru, samkvæmt reglum þeim, er settar eru um íslenzkar póstsendingar, og skal láta þær sendingar, sem eru svo lagaðar eða svo þungar, að þeim verður ekki komið með landpóstum, fara aptur með póstgufuskipinu til